

## GJALDSKRÁ

### um sorphirðu í Kópavogsbæ 1998.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald.

## 2. gr.

Gjaldið er kr. 6.500 á hverja íbúð og innheimtist með fasteignagjöldum og eru gjald dagar þeir sömu. Heimilt er að leggja á aukatunnugjald.

## 3. gr.

Fyrirtæki greiða árlega kr. 6.500 á hvert 240 lítra sorpílát, eða kr. 8.000 á hverja einingu.

660 lítra sorpílát      4 einingar

1.100 lítra sorpílát      7 einingar

Gjaldið er innheimt með reikningi að viðbættum virðisaukaskatti.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. júní 1998.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Tryggvagarðs, Selfossi.

Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Tryggvagarðs, Selfossi. Breytingin á deiliskipulaginu hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 73/1997 og er í samræmi við breytt aðalskipulag á sama stað sem samþykkt var af umhverfissráðherra þann 12. júní 1998. Jafnframt hefur deiliskipulagsbreytingin fengið umsögn Skipulagsstofnunar skv. ákvæðum sömu laga.

Hið breytta deiliskipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Selfossi, 18. júní 1998.*

**Karl Björnsson** bæjarstjóri.